

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Grímsnes- og Grafningshreppi.

- Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps hefur samþykkt neðangreindar breytingar:
- Fristundabyggð í landi Ásgarðs, Hvammur 25 og 27.*
Breytingin felst í því að mörk lóðar nr. 27 við Hvamma færast um 15 m inn á lóð nr. 25.
 - Fristundabyggð í landi Snæfoksstaða.*
Breytingin felst í því að lóðir við Grámosaveg 1-11 og 2-8 stækka og fjölgar um eina lóð. Jafnframt stækkar skipulagssvæðið til vesturs.
 - Fristundabyggð í landi Norðurkots.*
Breytingin felst í því að lóð nr. 40 í landi Norðurkots er skipt í lóðir nr. 40, 40a og 40b.

Breytingin á deiliskipulaginu sem auglýst er með vísan til 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tekur gildi við birtingu auglýsingar þessarar.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 26. september 2003.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um umferð á Siglufirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Siglufjarðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Siglufirði:

- Einsteftna verði á Norðurgötu til norðurs frá Gránugötu að Eyrargötu.
- Gránugata og Tjarnargata verði aðalbraut frá Suðurgötu niður á Hafnarbryggju. Biðskylda verði á götum sem koma inn á aðalbrautina.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Siglufirði, sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Siglufirði, 30. september 2003.

Guðgeir Eyjólfsson.